



## ÁRSSKÝRSLA 2023

VELFERÐARÞJÓNUSTA  
2023

SKÓLAÞJÓNUSTA  
2023 - 2024

## Inngangur

Í ársskýrslu Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls (SVÁ) 2023 gerð grein fyrir starfsemi SVÁ og tölulegum upplýsingar um veitta þjónustu. 1. mars 2023 urðu breytingar á skipulagi SVÁ þegar stofnað var nýtt byggðasamlag í samstarfi eftirtalinna sveitafélaga; Bláskógabyggðar, Flóahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps, og Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Í þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir heildarstarfsemi SVÁ auk þess sem teknar eru saman helstu tölulegar upplýsingar fyrir hvora deild fyrir sig. Þegar gerð er grein fyrir starfsemi velferðarþjónustu er miðað við almanaksárið 2023 en hjá skólaþjónustu er miðað við skólaárið 2023-2024.

Eitt af sameiginlegum verkefnum SVÁ er innleiðing farsældarlaga (lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 22/2021). Gerð verður grein fyrir stöðu innleiðingar í sér kafla.

## Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls

### Stjórn

Stjórn byggðasamlagsins, fer með yfirstjórn skóla- og velferðarþjónustunnar í umboði viðkomandi sveitarstjórna. Stjórnina skipa oddvitar/sveitarstjórar aðildarsveitarfélaganna, í henni sitja:

Hulda Kristjánsdóttir, formaður, Flóahreppi  
Aldís Hafsteinsdóttir, ritari, Hrunamannahreppi  
Ása Valdís Árnadóttir, Grímsnes- og Grafningshreppi  
Haraldur Þór Jónsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppi  
Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð

### Fagnefnd

Fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu er skipuð af sveitarfélögunum sem eru aðilar að Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs. Nefndin fer með umboð viðkomandi sveitarstjórna um stjórn og framkvæmd skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs. (SVÁ).

Fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara þar sem einn fulltrúi kemur frá hverju sveitarfélagi. Kjörtímabil fagnefndar er hið sama og kjörtímabil sveitarstjórna. Hver sveitarstjórn tilnefnir fulltrúa í upphafi kjörtímabils. Stjórn SVÁ skipar formann fagnefndar. Nefndarmenn eru sem hér segir:

Sigurbára Rúnarsdóttir, formaður, Flóahreppi  
Andrea Sif Snæbjörnsdóttir, Skeiða- og Gnúpverjahreppi  
Bjarney Vignisdóttir, Hrunamannahreppi  
Steinar Sigurjónsson, Grímsnes- og Grafningshreppi  
Trausti Hjálmarsson, Bláskógabyggð

## Markmið og gildi SVÁ

Við stofnun SVÁ var haldin vinnustofa sem stýrt var af ráðgjöfum frá KPMG, þátttakendur voru starfsmenn, fagnefnd og stjórn SVÁ, stjórnendum í leik- og grunnskólum og sveitarstjórnarfolk á svæðinu. Markmið vinnustofunnar var að skapa sameiginlega sýn og langtímamarkmið og setja gildi sem marka áherslur starfseminnar.

### Markmið SVÁ

- Vera leiðandi á landsvísu með framúrskarandi þjónustu sem mætir þörfum íbúa til bættra lífsgæða
- Veita markvissa og faglega skóla- og velferðarþjónustu til þess að tryggja farsæld barna og fjölskyldna
- Tryggja skilvirka og góða þjónustu með fjölbreyttum leiðum
- Vinna markvisst forvarnarstarf sem stuðlar að vellíðan íbúa með ráðgjöf og stuðningi.
- Vinna að þróun margbreytilegra úrræða með áherslu á snemmtæka íhlutun

### Gildi SVÁ

<b>Samvinna</b>	<b>Virðing</b>	<b>Áreiðanleiki</b>
 <p>Starfsmenn SVÁ leggja áherslu á að eiga góða samvinnu og samtal við notendur þjónustunnar. Hlustað er eftir sjónarmiðum allra og jafnræðis gætt við úrvinnslu erinda</p> <p>Áhersla er lögð á gott samstarf og þverfaglega samvinnu starfsmanna þar sem styrkleikar hvers og eins fá notið sín. Lögð er áhersla á jafnrétti, vellíðan og starfsánægju starfsmanna.</p>	 <p>Við tökum vel á móti öllum sem til okkar leita, kynnum okkur vel alla þætti hvers máls, vinnum skipulega og leggjum áherslu á að skila af okkur vel unnu verki. Áhersla er lögð á að hafa á að skipa vel menntuðu og hæfu starfsfólki sem vinnur faglega og kemur fram af virðingu</p>	 <p>Við fylgjum lögum og reglum við úrvinnslu mála, höfum skýra verkferla og gott skipulag. Við höfum markvissa skráningu mála, skjalavistun og upplýsingamiðlun. Við leggjum áherslu á að hafa góða yfirsýn yfir verkefni, stuttar boðleiðir, ljúka verkefnum tímanlega og fylgja þeim eftir.</p>

## Skipurit



## Starfsfólk SVÁ árið 2023

Deildarstjórar bera stjórnina og bera ábyrgð á daglegri starfsemi SVÁ.

Deildarstjóri skólaþjónustu er Gunnlaug Hartmannsdóttir

Deildarstjóri velferðarþjónustu er Anný Ingimarsdóttir

Annað starfsfólk

Anna Stefánía Vignisdóttir, talmeinafræðingur

Arna Ír Gunnarsdóttir, félagsráðgjafi

Edda Sigurjónsdóttir, félagraðgjafi

Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, ráðgjafarþroskaþjálfari

Harpa Hrönn Gísladóttir, talmeinafræðingur

Heiður Eysteinsdóttir, náms- og starfsráðgjafi  
Sigrún Helgadóttir, uppeldis- og kennsluráðgjafi  
Sigrún Símonardóttir, forstöðumaður heimaþjónustu  
Þóra Pálmarsdóttir, ráðgjafi

Skólaárið 2023 – 2024 var laus staða sálfræðings og afleysingastaða talmeinafræðings, vegna fæðingarorlofs. Ekki tókst að ráða í þessar stöður þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar. Leitað var til verktaka til að sinna greiningum.

Verktakar:

Álfhildur Þorsteinsdóttir, talmeinafræðingur  
Guðrún Kristófersdóttir, sálfræðingur  
Hugrún Vignisdóttir, sálfræðingur

### Íbúafjöldi á starfssvæði Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings

Sveitarfélag	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Bláskógabyggð	979	1.026	1.110	1.163	1.141	1.164	1.280	1322
Flóahreppur	619	648	650	687	690	694	708	699
Grímsnes- og Grafningshreppur	465	467	470	497	492	525	535	539
Hrunamannahreppur	807	773	780	818	822	818	874	865
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	521	594	710	609	590	576	577	591
<b>Samtals</b>	<b>3.391</b>	<b>3.508</b>	<b>3.720</b>	<b>3.774</b>	<b>3.735</b>	<b>3.777</b>	<b>3.974</b>	<b>4.016</b>

*Tafla 1. Íbúafjöldi í aðildarsveitarfélögum Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings 2016-2023 (tölur miðast við 31. Desember ár hvert).*


## Fjöldi nemenda í leik- og grunnskólum

Í september 2023 voru 643 nemendur í leik- og grunnskólum á þjónustusvæði Skólaþjónustu Árneshings, sjá töflu 5. Fjöldi nemenda getur tekið breytingum innan skólaársins.

Sveitarfélag	Leik- og grunnskólar	Fjöldi nemenda 2023
Bláskógabyggð	Leikskólinn Álfaborg	31
	Bláskógaskóli Laugarvatni - leikskóli	24
	Reykholtskóli	102
	Bláskógaskóli Laugarvatni - grunnskóli	54
Flóahreppur	Leikskólinn Krakkaborg	43
	Flóaskóli	106
Grímsnes- og Grafningshreppur	Kerhólsskóli – leikskóli	18
	Kerhólsskóli - grunnskóli	51
Hrunamannahreppur	Leikskólinn Undraland	39
	Flúðaskóli	94
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Leikskólinn Leikholt	42
	Þjórsárskóli	39
	<b>Samtals</b>	<b>643</b>

Tafla 2: Fjöldi nemenda í leik- og grunnskólum skólaárið 2023-2024

Ef skoðaður er nemendafjöldi síðustu ára má sjá að þeim hefur fjölgað jafnt og þétt síðast liðin ár. Árið 2015 var fjöldi nemenda 554 en 643 árið 2023 og hefur nemendum í leik- og grunnskólum því fjölgað um 14% á tímabilinu.



Mynd 1. Fjöldi nemenda 2015 - 2023

## Velferðarþjónusta Árneshvíks 2023

Velferðarþjónusta Árneshvíks starfar á grundvelli laga um félagslega þjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, barnaverndarlaga nr. 80/2002, laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Lög nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga kveða á um að með félagsþjónustu sé fjárhagslegt og félagslegt öryggi íbúanna tryggt og stuðlað að velferð þeirra á grundvelli samhjálp. Markmiðum skuli náð með því:

- að bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti
- að tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði barna og ungmenna
- að veita aðstoð til þess að íbúar geti búið sem lengst í heimahúsum, stundað atvinnu og lifað sem eðlilegustu lífi
- að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál

Veita skal þjónustu á sviði félagslegrar ráðgjafar, fjárhagsaðstoðar, stuðningsþjónustu/ félagslegrar heimaþjónustu og húsnæðismála. Þá eru tilgreindar sérstakar skyldur við ákveðna hópa: börn og ungmenni, aldraða, fatlað fólk og þá sem eiga í fíknivanda.

Hvetja skal fólk til sjálfsábyrgðar og virða sjálfsákvörðunarrétt einstaklingsins samhliða því að styrkja hann til sjálfshjálp.

### Markmið velferðarþjónustu Árneshvíks

- Markmið með velferðarþjónustu er að veita upplýsingar og leiðbeiningar vegna annars vegar félagslegra réttindamála og hins vegar aðstoð vegna félagslegs eða persónulegs vanda. Í störfum sínum leggur starfsfólk velferðarþjónustunnar áherslu á fyrirbyggjandi úrræði og leiðir sem stuðla að hjálp til sjálfshjálp.
- Félagsleg ráðgjöf er veitt án fordóma og af virðingu fyrir einstaklingum. Áhersla er lögð á styrkleika notenda þjónustunnar með heildarsýn að leiðarljósi. Áhersla er á að virkja notendur til sjálfshjálp með fjölbreyttum virkniúrræðum sem henta þörfum sem flestra.
- Markmið með barnaverndarstarfi er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Leitast skal við að ná þessum markmiðum með því að styðja fjölskyldur í uppeldishlutverkinu og beita úrræðum til verndar börnum þegar það á við.
- Lögð er áhersla á gott samstarf við íbúa og stofnanir sveitarfélaganna um málefni barna m.a. til að tryggja sem best að tilkynningar skylda skv. barnaverndarlögum sé virt.
- Stuðningsþjónusta/ félagsleg heimaþjónusta skal vera einstaklingsmiðuð og veittur skal viðeigandi stuðningur til aldraðra svo þeir geti dvalið sem lengst á eigin heimili.

- Heimili fatlaðs fólks hafa hugmyndafræði um sjálfstætt líf að leiðarljósi. Lögð er áhersla á að efla sjálfstæði íbúanna, að styðja þá til þátttöku í eigin lífi og að efla færni þeirra til félagslegra samskipta.

## **Félagsleg ráðgjöf**

Félagsleg ráðgjöf er veitt skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir. Ráðgjöf getur bæði verið í formi almennrar og sérhæfðrar ráðgjafar.

Markmið félagslegrar ráðgjafar er tvíþætt. Annars vegar að veita upplýsingar um félagsleg réttindamál og hins vegar að veita stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda.

Ráðgjöf sem stendur til boða er:

- Félagsleg ráðgjöf s.s. vegna uppeldis- og samskiptavanda, skilnaðar, forsjár- og umgengismála
- Ráðgjöf vegna fjármála
- Ráðgjöf vegna húsnæðismála og/eða þjónustu í búsetu
- Ráðgjöf er tengist atvinnu og endurhæfingu
- Sérhæfð ráðgjöf / þjónusta vegna fatlaðra barna

Fjöldi mála í félagslegri ráðgjöf hefur ekki verið talinn sérstaklega.

## **Fjárhagsaðstoð**

Fjárhagsaðstoð er veitt samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga en samkvæmt þeim er hverjum og einum skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Í lögnum er einnig kveðið á um að sveitarfélag skuli veita íbúum sínum þjónustu og aðstoð sem er til þess fallin að bæta úr vanda eða koma í veg fyrir að fólk lendi í þeirri aðstöðu að geta ekki séð fyrir sér og sínum. Reglur eru um fjárhagsaðstoð sem starfsmenn Skóla- og velferðarþjónustu vinna eftir.


Ýmsar ástæður geta legið að baki því að fólk þurfi fjárhagsaðstoð, svo sem lág laun, atvinnuleysi eða veikindi. Fjárhagsaðstoð til einstaklings getur verið allt að kr. 196.740 á mánuði og kr. 314.784 á mánuði til hjóna eða fólks í sambúð. Aðstoðin er óháð barnafjölda, þar sem reiknað er með að barnabætur, meðlög og barnalífeyrir mæti kostnaði vegna barna.

Fjárhagsaðstoð skiptist í almenna framfærslu og/ eða heimildargreiðslur sbr. IV. kafla í reglum Skóla- og velferðarþjónustunnar um fjárhagsaðstoð. Undir heimildargreiðslur heyrir m.a. sérstakur stuðningur vegna barna, húsbúnaðarstyrkur, útfararstyrkur, sérfræðiaðstoð og styrkur til fyrirframgreiðslu húsaleigu. Ákvörðun um heimildargreiðslur er tekin á föstum teymisfundum velferðarþjónustunnar. Ráðgjöf vegna fjármála er veitt þar sem þörf er fyrir hana og alltaf þegar fólk leitar eftir fjárhagslegri aðstoð.

## **Fjöldi einstaklinga/heimila á fjárhagsaðstoð**

Fjöldi einstaklinga/heimila sem fengu fjárhagsaðstoð á árinu 2023 voru alls 10, heildarupphæð fjárhagsaðstoðar var 7.364.872 kr. af þessari upphæð voru 199.994 kr greiddar í

heimildargreiðslur. Á mynd 2 má sjá heildarupphæðir og þróun fjárhagsaðstoðar frá 2018-2023.



Mynd 2. Greidd fjárhagsaðstoð 2018-2023

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga er neyðaraðstoð og einkonar öryggisnet þegar önnur úrræði eru ekki til staðar. Áhersla er lögð á að veita samhlíða öflugra ráðgjöf og stuðning til sjálfshjálpar til að viðkomandi geti sem fyrst komist í launaða vinnu, endurhæfingu eða fengið þá aðstoð sem hann kann að eiga rétt á í öðrum bótakerfum t.d. hjá Tryggingastofnun.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárhagsleg aðstoð við fjölskyldur og einstaklinga á leigumarkaði sem þurfa sérstakan stuðning vegna greiðslu á húsaleigu umfram hefðbundnar húsnæðisbætur. Til að eiga rétt á sérstökum húsnæðisbótum þarf m.a. að vera orðin 18 ára og eiga lögheimili í umdæmi Skóla-og velferðarþjónustu Árneshöfna. Heimilt er að veita undanþágur um lögheimili og leiguhúsnæði vegna 15-17 ára barna sem leigja herbergi á heimavist eða námsgörðum vegna náms fjarri lögheimili. Alls fengu 17 einstaklingar sérstakan húsnæðisstuðning þar af 11 sem uppfylltu styrk 15-17 ára.

## Stuðningsþjónusta


Samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga er sveitarfélögum skylt skv. 26. gr. að sjá um stuðningsþjónustu til handa þeim sem búa á eigin heimilum og þurfa aðstoð vegna skertrar getu, fjölskylduáðstæðna, álags, veikinda eða fötlunar. Stuðningsþjónusta skal veita svæðisbundið með þeim hætti sem best hentar notanda miðað við aðstæður á hverjum stað. Aðstoð skal veitt fjölskyldum barna sem metin eru í þörf fyrir stuðning. Aðstoð skal veitt innan og utan heimilis samkvæmt reglum sem sveitarfélagið setur.

Reynist þörf fatlaðs einstaklings fyrir þjónustu eða stuðning vera meiri eða sérhæfðari en svo að henni verði fullnægt innan almennrar þjónustu skal veita viðbótarþjónustu samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Þjónusta samkvæmt þeim lögum kemur til viðbótar þeirri þjónustu sem veitt er á grundvelli annarra laga en ekki í stað hennar. Þjónusta sem veitt er á grundvelli beggja laganna skal vera samþætt í þágu notanda.

Að jafnaði skal einstaklingur nýta sér almenna þjónustu sem nemur allt að 15 klukkustundum á viku, sbr. 26. og 27. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Ákvörðun um stuðningsþjónustu felur í sér að stuðningur sé veittur í samræmi við þörf og að jafnaði í tiltekinn fjölda klukkustunda í viku hverri á grundvelli mats á stuðningsþörf, sbr. 3. gr. Almennt viðmið er að aðstoð geti numið allt að 15 stundum á viku. Um aukna þjónustuþörf fyrir fatlað fólk fer samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Sveitarfélögin veita þjónustu almennt á dagvinnutíma og eru flestir að fá aðstoð við þrif og innlit á heimili. Á árinu 2023 var veitt stuðningsþjónusta á samtals á 93 heimilum sem er nokkuð fjölgun frá árinu 2022 eða um 17%. Upplýsingar um fjölda heimila sem notið hafa þjónustu frá árinu 2020 má sjá á mynd 3. Í lok árs 2023 voru 18 starfsmenn í 8,66 stöðugildum að sinna heimaþjónustu/innlit.



Mynd 3. Fjöldi einstaklinga/heimila sem fengu félagslega heimaþjónustu/innlit 2020-2023

### Málefni fatlaðs fólks

Fatlað fólk nýtur allrar almennrar þjónustu sem sveitarfélög veita. Í 3. gr. laga nr. 38/2018 um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir er réttur fatlaðs fólks til þjónustu skilgreindur. Reynist þörf fatlaðs einstaklings fyrir þjónustu eða þörf fyrir stuðning meiri eða sérhæfðari en svo að henni verði fullnægt innan almennrar þjónustu eða stoðþjónustu skal veita viðbótarþjónustu samkvæmt lögum.

Tveir einstaklingavoru með NPA samning árið 2023 og einn einstaklingar með beingreiðslusamning.

### Stoðþjónusta

Með stoðþjónustu er átt við margháttaða aðstoð við athafnir daglegs lífs og byggist m.a. á einstaklingsbundnum þörfum fólks með hliðsjón af óskum þess.

Í 8. gr. laga nr. 38/2018 er réttur fatlaðs fólks til stoðþjónustu skilgreindur svo:

Fötluðu fólki skal standa til boða stoðþjónusta sem er nauðsynleg þátttöku þess í samfélaginu án aðgreiningar þannig að það standi til jafns við aðra og komið verði í veg fyrir félagslega

einangrun þess. Stoðþjónustu þessa skal veita í hverju sveitarfélagi með þeim hætti sem best hentar á hverjum stað. Skal hún miðast við eftirtaldar þarfir:

1. Þarfir fatlaðra einstaklinga fyrir þjónustu sem felst í því að treysta möguleika þeirra til sjálfstæðs heimilishalds og samfélagslegrar þátttöku.
2. Þarfir fatlaðra einstaklinga til hæfingar, endurhæfingar, menntunar og atvinnu, m.a. á grundvelli viðeigandi aðlögunar, svo að þeir geti séð sér farborða og tekið virkan þátt í samfélaginu til jafns við aðra.
3. Þarfir fatlaðra einstaklinga fyrir sérhæfða ráðgjöf, félagslegan stuðning og félagslegt samneyti, þ.m.t. ástundun tómsunda og menningarlífs.
4. Þarfir fatlaðra barna fyrir umönnun og þjálfun ásamt nauðsynlegri þjónustu við fjölskyldur þeirra svo að þær geti búið börnunum örugg og þroskavænleg uppeldisskilyrði.
5. Þarfir fatlaðra foreldra vegna umönnunar og uppeldis barna sinna.

### Akstursþjónusta fatlaðs fólks


Í 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er réttur fatlaðs fólks til akstursþjónustu skilgreindur. Markmið akstursþjónustu er að gera þeim, sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki, kleift að stunda nám, vinnu, hæfingu, sækja heilbrigðisþjónustu og njóta tómsunda. Haft er að leiðarljósi að aðstoða fatlað fólk til fullrar þátttöku í samfélaginu og sjálfstæðs lífs eins og kostur er hverju sinni.

### Búseta og hæfing

Á þjónustusvæðinu eru starfandi tveir sjálfstæðir rekstraraðilar sem reka heimili fyrir fatlað fólk. Annar þeirra er á Sólheimum í Grímsnesi þar eru 45 fatlaðir einstaklingar í búsetu. Hinn er í Skaftholt í Skeiða- og Gnúpverjahreppi með 7 fatlaða einstaklinga. Á Sólheimum og Skaftholti er veitt altæk þjónusta þ.e. búseta, atvinna/hæfing og tómsundir.

Viss vinnu- og hæfingarstöð á Flúðum starfa 5 einstaklingar með skerta starfsgetu og eru í hæfingu og vinnu.

Í lok árs 2023 voru 95 einstaklingar með skilgreinda fötlun á þjónustusvæðinu, 71 fullorðnir og 24 börn. Ekki eru allir með þjónustu en þó meirihlutinn. Á mynd 4 má sjá skiptingu á milli fullorðinna einstaklinga/barna.



Mynd 4: Fjöldi fatlaðs fólks, börn/fullorðnir skipt eftir félagsþjónustusvæðum.

## **Barnaverndarþjónusta**

Sveitarfélögin hafa ríkar skyldur til að gæta hagsmuna barna og unglinga samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002. Það felur m.a. í sér að hafa eftirlit með aðbúnaði barna og unglinga og bregðast við ef aðstæður þeirra eru ekki sem skyldi. Félagsráðgjafar/ráðgjafar vinna að málefnum barna og ungmenna samkvæmt barnaverndarlögum og í umboði Fagnefndar Árnesþings.

Markmið barnaverndarlaga er að tryggja börnum sem búa við óviðunandi aðstæður og/eða stofna heilsu sinni og þroska í hættu nauðsynlega aðstoð. Leitast skal við að ná markmiðum laganna með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Börn eru í skilgreiningu laganna barn þar til þau hafa náð 18 ára aldri.

Þegar mál eru til meðferðar hjá barnaverndarþjónustu er lögð mikil áhersla á að leitast við að eiga gott samstarf við foreldra/forsjáradila og börn og mál unnin í samvinnu við þessa aðila.

## **Tilkynningarskylda**

Til að barnaverndarþjónusta geti sinnt hlutverki sínu er hún háð því að tilkynningar um aðstæður barna berist henni. Starfsmenn barnaverndar geta þó tekið sjálfstæða ákvörðun um að hefja könnun máls með öðrum hætti. Allir hafa tilkynningarskyldu til barnaverndar skv. 16. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Þar segir að hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í hættu sé skylt að tilkynna það til barnaverndar. Í 17. gr. laganna er sérstaklega kveðið á um tilkynningarskyldu þeirra sem hafa afskipti af börnum í starfi sínu. Tilkynningarskylda þeirra gengur framur ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu. Þá er kveðið á um tilkynningarskyldu lögreglu í 18. gr. Barnaverndarlaga.

Sú ákvörðun að tilkynna barnaverndarnefnd er oft erfið fyrir einstaklinga. Það getur einnig verið flókið að finna út hvert á að tilkynna og hvernig unnt er að ná sambandi við starfsmenn hennar. Skóla-og velferðarþjónusta Árnesþings er með hnapp inn á heimasíðu sinni þar sem fólk getur sent inn tilkynningu. Einnig er hægt að tilkynna í gegnum 112 utan hefðbundins skrifstofutíma sem annað hvort gefa samband við bakvaktarsíma barnaverndar eða taka niður upplýsingar og koma þeim til viðkomandi barnaverndarþjónustu.

Ávallt er leitast við að styðja fjölskyldur og beita úrræðum til verndar börnum þegar það á við. Þegar tilkynning berst til barnaverndar um vanrækslu, ofbeldi eða áhættuþegðun barns tekur starfsfólk barnaverndar ákvörðun á fundi um hvort hefja skuli könnun málsins. Foreldrum er sent bréf til upplýsinga um að tilkynning hafi borist og leiðbeiningar um næstu skref.


Tilkynnanda er einnig sent bréf til staðfestingar á móttöku tilkynningar auk þess sem veittar eru almennar upplýsingar um málsmeðferðina. Málefni barna eru unnin á grundvelli barnaverndarlaga.

Við vinnslu barnaverndarmála er megináhersla lögð á aðstæður og líðan barna. Leitast er eftir að börn komi skoðunum sínum og sjónarmiðum á framfæri í samræmi við aldur þeirra og þroska. Áhersla er lögð á samvinnu við foreldra og samstarf við aðrar fagstéttir þegar það á við. Flest barnaverndarmál eru unnin í góðri samvinnu við foreldra og börn. Mikil áhersla er lögð á að finna sameiginlegar lausnir og leiðir og eru gerðar meðferðaráætlanir til að gera plan til að ná lausnir á málinu. Mál sem unnin eru samkvæmt barnaverndarlögum hefjast á því að kannað er hvort aðbúnaður barns sé ábótavant eð að barn kunnir að vera í hættu. Ef könnun leiðir í jós

að úrbóta er þörf er gerð meðferðaráætlun í samvinnu við foreldra og barns eftir aldri þess og þroska. Áhersla er lögð á stuðning við foreldra í uppeldislutverkinu enda er það meginforsenda þess að barnaverndarstarf beri árangur. Beitt er ýmsum stuðningsúræðum þar til viðunandi árangur næst. Ef meðferðaráætlun nær ekki fram að gagna og foreldrar eru ekki í samvinnu þá reynist stundum nauðsynlegt að beita þvingunarúræðum og þá eru mál lögð fyrir umdæmisráð og þarf ráðið þá að úrskurða í málinu jafnvel gegn vilja forsjáradila.


### Tilkynningar

Mál telst barnaverndarmál þegar ákvörðun er tekin um að hefja könnun máls sbr. 5. mgr. 21. gr. barnaverndarlaga vegna aðbúnað barns (vanræksla), ofbeldi gegn barni eða um áhættuhegðun barns.



*Mynd 5: Fjöldi tilkynninga til barnaverndar á árunum 2018 – 2023*

Á árinu 2023 bárust alls 65 tilkynningar til barnaverndarþjónustu í umdæmi Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings vegna 55 barna, 25 drengir og 29 stúlkur. Á mynd 5 má sjá samanburð á fjölda tilkynninga sl. sex ár. Ef fjöldi tilkynninga er skoðaður eftir kyni þá bárust 26 vegna drengja og 38 vegna stúlkna, ein tilkynning barst vegna ófædds barns.



*Mynd 6: Fjöldi tilkynninga eftir kyni*

Flestar tilkynningar eru vegna vanrækslu eða 30, tilkynningar vegna ofbeldis bárust í 13 tilfellum og áhættu hegðun barna var tilkynnt í 21 tilfalli. Flestar tilkynningar koma frá grunnskólum eða 16 þar á eftir kemur lögregla með 11 tilkynningar. Sjá töflu 3 en þar kemur fram hverjir tilkynntu til barnaverndar.

Tilkynnendur	2021	2022	2023
Skóla-fræðsluyfirvöld	14	16	16
Lögregla	10	15	11
Ættingjar aðrir en foreldrar	8	2	9
Foreldri/ar barns	3	2	7
Heilbrigðisyfirvöld	5	1	6
*Aðrir í nærumhverfi barns		9	4
*Íþrótt- og tómstundastarf		1	0
Félagsþjónusta/önnur barnavernd	8	1	2
Nágrannar	4	9	2
Leikskóli	7	2	1
Aðrir	8	4	7
<b>Samtals tilkynningar</b>	<b>67</b>	<b>62</b>	<b>65</b>

*Tafla 3: Yfirlit yfir tilkynnendur á árunum 2016 – 2022*

*\*Þessir tveir flokkar tilkynnenda koma fyrst inn árið 2022*

## **Könnun mála/áætlanir**

Mál telst barnaverndarmál þegar ákvörðun er tekin um að hefja könnun máls sbr. 5. mgr. 21. gr. barnaverndarlaga. Þær 65 tilkynningar sem bárust tengdust 55 börnum. Ákveðið var að fara í könnun vegna 44 barns, 20 drengja og 24 stúlkna. Rætt var við 32 börn við könnun máls.

Könnun máls lýkur með greinargerð sem lögð er fyrir meðferðarfund barnaverndar og tekin er ákvörðun um hvort þörf sé á því að vinna að málinu áfram, hvort ástæða sé til að veita stuðning skv. Barnaverndarlögum. Að lokinni könnun var tekin ákvörðun um að ekki væri talin þörf á frekari stuðningi vegna 19 barna.

## **Fóstur/vistunarmál**

Með fóstri er átt við að barnavernd feli fósturforeldrum umsjá barns í minnst þrjá mánuði. Fósturráðstafanir eru þrenns konar; tímabundið fóstur, varanlegt fóstur og styrkt fóstur. Barn fer í tímabundið fóstur þegar ætla má að bæta megi hæfni foreldra. Tímabundið fóstur skal ekki vara lengur en tvö ár nema í undantekningartilvikum. Með varanlegu fóstri er átt við að ráðstöfunin haldist þar til forsjárskyldur falla niður samkvæmt lögum við 18 ára aldur barnsins. Barn fer í varanlegt fóstur þegar fyrirsjáanlegt er að aðstæður þess verði ekki bættar með öðrum hætti. Styrkt fóstur á við þegar barn á við mikla hegðunarerfiðleika að etja og þörf er á sérstökum stuðningi við barnið

Í árslok 2023 voru 3 börn í vistun á vegum barnaverndarþjónustu Árneshvíls og öll í tímabundinni vistun. Eitt barn fór í neyðarvistun Stuðla á árinu

Meginregla barnaverndarlaga er sú að viðhafa skuli ákveðna málsmeðferð áður en gripið er til þvingunarúrræða, svo sem að leiðbeina aðilum, kynna þeim gögn og gefa þeim kost á að tjá sig. Ef ljóst þykir að barni stafi hættu af því að fara þessa leið er hægt að grípa strax til ráðstöfunar sbr. 31. gr. barnaverndarlaga Þær ráðstafanir sem hér koma aðallega til skoðunar eru þær sem varða töku barns af heimili eða kyrrsetningu þess á þeim stað þar sem það er.

## **Bakvaktir**

Skóla-og velferðarþjónusta Árneshvíls, Hveragerði og Ölfus eru með sameignlega bakvakt barnaverndar og skipta starfsmenn með sér bakvöktum. Bakvaktin er neyðarvakt vegna barnaverndarmála og er opin utan skrifstofutíma. Þegar erindi berst á bakvakt er metið hvort þörf er á tafarlausri aðstoð. Öll símtöl til vaktarinnar fara í gegnum Neyðarlínu 112 eða lögreglu. Í heildina bárust 38 símtöl á bakvakt af þeim var farið í 17 útköll. Af 38 símtölum voru 12 af starfssvæði SVÁ og farið í 6 útköll. Starfsmaður á bakvakt sinnir einnig verkefnum sem koma upp í tengslum við heimilisofbeldi í samstarfi við Lögregluna á Suðurlandi, af þessum 6 útköllum var eitt vegna heimilisofbeldis þar sem börn voru ekki á heimilinu.

## **Umdæmisráð**

Umdæmisráð tók til starfa í byrjun árs 2023, þetta eru stjórnarsýslunefndir sem fara með úrskurðarvald í ákveðnum barnaverndarmálum á vettvangi sveitarfélaga. Umdæmisráðin eru skipuð til fimm ára, eru sjálfstæð í störfum sínum, standa utan við almenna stjórnarsýslu sveitarfélaga og ráðsmenn taka ekki við fyrir mælum um meðferð einstakra mála. Umdæmisráð

eru skipuð þremur ráðsmönnum sem hafa ákveðna fagþekkingu, þ.e. félagsráðgjafa, sálfræðingi og lögfræðingi, og skulu þeir hafa í það minnsta þriggja ára starfsreynslu í barnavernd. Þvingunarúrræði, það eru mál sem ekki hefur náðst að vinna í samvinnu, eru dæmi um mál sem fara fyrir umdæmisráð skv. lögum nr. 80/2002 t.d. ef þarf að fjarlægja barn af heimili, úrskurða um umgengni barns í fóstri við foreldra, höfða mál fyrir dómstólum. Ekkert mál frá barnaverndarþjónustu Árnesþings fór fyrir umdæmisráð árið 2023.

## Skólaþjónusta Árneshvíks skólaárið 2023 - 2024

Skólaþjónustan starfar á grundvelli [reglugerðar nr. 444/2019](#) um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum og skv. [lögum um grunnskóla nr. 91/2008](#).

Skólaþjónusta tekur annars vegar til stuðnings við nemendur í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra og hins vegar stuðnings við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra.

Markmið með skólaþjónustu sveitarfélaga er að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólustarfi.

Skólaþjónusta skal beinast að því að efla skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólustarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á.

Við framkvæmd skólaþjónustu skal samkvæmt reglugerð lögð áhersla á:

1. Forvarnarstarf til að stuðla markvisst að velferð nemenda,
2. Snemmtækt mat á stöðu nemenda og ráðgjöf vegna námsvanda, félagslegs og sálræns vanda með áherslu á að nemendur fái kennslu og stuðning við hæfi í skólum án aðgreiningar,
3. Að skólaþjónusta mótist af heildarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda, óháð starfsstéttum sérfræðinga og hver veitir þjónustuna,
4. Að styðja á fjölbreyttan hátt við starfsemi og starfshætti í leik- og grunnskólum og starfsfólk þeirra,
5. Stuðning við foreldra með ráðgjöf og fræðslu,
6. Viðeigandi túlkun þjónustu til að tryggja að upplýsingar/ráðgjöf nýtist foreldrum og nemendum,
7. Góð tengsl leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla með samfelli og heildarsýn í skólustarfi að leiðarljósi.

### Markmið skólaþjónustu Árneshvíks

- Styrkja og styðja faglega við starf skólanna þannig að innan þeirra sé hægt að leysa flest þau verkefni sem upp koma með öflugri ráðgjöf og fræðslu til kennara og starfsfólks.
- Styðja við og efla samvinnu leik-, grunn- og framhaldsskóla í Árneshvíki og stuðla að samvinnu skóla og fagfólks á svæðinu.
- Styrkja nemendur, foreldra og starfsfólk skólanna, stuðla að bættri líðan nemenda og efla þá í námi og starfi með hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar.
- Stuðla að framþróun í skólustarfi og kynna nýjungar með tilliti til sérstöðu hvers skóla.


## Sérfræðipjónusta

### Kennsluráðgjöf

Hlutverk kennsluráðgjafa er að veita skólastjórnendum, kennurum og öðru starfsfólki skóla ráðgjöf, stuðning og handleiðslu til að finna leiðir sem mæta þörfum nemenda.

Með kennsluráðgjöf er veitt snemmtækt mat á stöðu nemenda með ráðgjöf vegna námsvanda, félagslegs og/eða sálræns vanda með það að markmiði að nemendur fái kennslu og stuðning við hæfi í skólum án aðgreiningar.

Hjá skólapijónustunni starfar einn kennsluráðgjafi og sinnir hann ráðgjöf og stuðning við bæði leik- og grunnskóla. Verkefni kennsluráðgjafa eru fjölbreytt en segja má að hlutfallslega hafi mestur tími hans farið í ráðgjöf á vettvangi. Þar er um að ræða áhorf á deild eða í kennslustofu og ráðgjöf varðandi skipulag kennslu, áherslur í starfi með einstaka nemendum eða nemendahóp, einstaklingsráðgjöf við starfsmenn varðandi líðan og hegðun nemenda og þátttaka í nemendateymum, sjá mynd 7.



*Mynd 7: Ráðgjöf í leik- og grunnskólum*

Kennsluráðgjafi aðstoðaði við kennslu í lífsleikni á miðstigi í einum grunnskóla þar sem áherslan var lögð á að vinna með samskipti nemenda og stuðla þannig að bættri líðan og hegðun þeirra auk þess hann sinnti einstaklingsvinnu með nemendum. Kennsluráðgjafi vinnur náið með deildarstjórum stoðþjónustu við lausnaleit í málum nemenda með fjölþættan vanda. Einnig hefur hann tekið þátt í vinnu við þróun úrræða, vinnu við innleiðingu farsældar og forvarnarteymi.


### Sálfræðipjónusta

Hlutverk sálfræðings er að athuga og greina vanda nemenda sem ná ekki að nýta hæfileika sína í námi og starfi og eiga í námslegum, sálrænum og/eða félagslegum erfiðleikum.

Sálfræðingur leggur fyrir viðeigandi matslista og greinir stöðu nemanda og skilar niðurstöðu

til forráðamanna og skóla. Sálfræðingur sendir niðurstöður greininga áfram á viðeigandi aðila til að barn fái fullnaðargreiningu þegar þess gerist þörf.

Skólaárið 2023 – 2024 var ekki starfandi sálfræðingur í fastri stöðu hjá SVÁ til að sinna sálfræðilegum greinungum og mati á stöðu og líðan barna. Gerður var samningur við tvo sjálfstætt starfandi sálfræðinga til að sinna þessum þáttum. Við lok skólaárs höfðu sálfræðingar skilað niðurstöðu úr 47 greiningum og 25 börn voru á biðlista.




*Mynd 8: Tilvísanir til sálfræðings*

### Þjónusta talmeinafræðings

Hlutverk talmeinafræðings er að annast athuganir og greiningar á tal- og málþroska nemenda. Ef um staðfest frávík er að ræða veitir talmeinafræðingur ráðgjöf, meðferð og þjálfun eftir því sem við á og við verður komið.

Hjá SVÁ eru starfandi tveir talmeinafræðingar í 60% stöðu, annar þeirra var í fæðingarorlofi allt skólaárið 2023 – 2024 en hinn fór í fæðingarorlof í upphafi árs 2024. Þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar tókst ekki að ráð talmeinafræðing í afleysingar og var því fenginn talmeinafræðingur í verktöku til að sinna greiningum þar sem biðlisti var nokkuð langur. Áhersla var lögð á að vinna niður biðlistann og náðist þar góður árangur. Við lok skólaárs lágu fyrir 44 greiningar frá talmeinafræðingum og 8 börn voru á biðlista.



*Mynd 9: Tilvísanir til talmeinafræðings*

### Uppeldis- og foreldraráðgjöf

Eitt af verkefnum skólajónustu er að styðja við foreldra með ráðgjöf og fræðslu. Foreldrar geta fengið samtal við uppeldisráðgjafa um þætti er snúa að uppeldi, skólagöngu og öðrum þáttum í lífi fjölskyldna og barna. Markmið foreldraráðgjafar er að veita foreldrum viðeigandi upplýsingar og ráðgjöf um uppeldi, efla foreldra í uppeldisaðferðum, fá foreldra til að ígrunda foreldrahlutverkið.

Þegar um er að ræða vanda hjá börnum sem hindrar þau í að ná árangri í námi er oftast en ekki einnig um að ræða vanda heima fyrir varðandi líðan og hegðun. Foreldrum stendur til boða ráðgjöf og stuðningur í því verkefni og óskuðu 10 foreldrar eftir þeim stuðningi. Fjöldi viðtala hjá hverju foreldri var mismunandi allt frá einu upp í sjö viðtöl, samanlagður fjöldi viðtala var 23. Til að efla enn frekar samvinnu heimilis og skóla og stuðla að því að unnið sé með sömu áherslur er ráðgjöf við foreldra mikilvægur þáttur. Miðað við reynslu þessa skólaárs má áætla að aukin eftirspurn verði eftir þessari þjónustu.

### Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjöf er lögbundin þjónusta í grunnskólum. Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að standa vörð um velferð allra nemenda. Hann vinnur með nemendum, forráðamönnum, kennurum, skólastjórnendum og öðrum starfsmönnum skólans að ýmis konar velferðarstarfi er snýr að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda. Náms- og starfsráðgjafi er trúnaðarmaður og talsmaður nemenda.

Náms- og starfsráðgjafi er með fasta viðveru í grunnskólum á svæðinu og má nálgast upplýsingar í viðkomandi skóla hvaða daga vikunnar hann er á hverjum stað. Tími náms- og starfsráðgjafa skiptist hlutfallslega milli skólanna eftir nemendafjölda og er hann í ½ til heilan dag á hverjum stað og miðar við það að vera einu sinni í viku í hverjum skóla.

Náms- og starfsráðgjafi hefur starfað hjá SVÁ frá því árið 2016 og sinnt náms- og starfsráðgjöf í öllum sex grunnskólum á svæðinu. Skólaárið 2023 – 2024 náðist ekki að manna stöðuna fyrr en í nóvember og hafði það töluverð áhrif á þá þjónustu sem unnt var að veita. Náms- og starfsráðgjafi veitir nemendum persónulega ráðgjöf tengt námi þeirra og líðan. Einnig hefur hann umsjón með starfskynningum og náms- og starfsfræðslu í samvinnu við kennara á unglingastigi auk þess sem hann leggur fyrir áhugasviðskannanir sem hjálpa nemendum við að greina áhuga sinn varðandi náms- og starfsval. Náms- og starfsráðgjafi skal sitja í nemendaverndarráði grunnskóla en reyndist erfitt að koma því við á öllum stöðum þetta skólaárið þar sem ekki var hægt að breyta skipulagi funda. Það er ljóst að verkefni og hlutverk náms- og starfsráðgjafa er viðamikil og ef vel á að vera þarf að endurskoða skipulag starfs til að tryggja að öll börn eigi greiðan aðgang að þessari þjónustu.

## **Forvarnarteymi grunnskólanna**

Forvarnarteymi grunnskólanna hefur verið innleitt í alla grunnskóla Árneshöfðis skv. Þingsályktun nr. 37/150 um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Þingsályktunin felur í sér fyrstu heildstæðu stefnuna um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni á Íslandi. Áhersla er á að forvarnir verði samþættar kennslu og skólastarfi á öllum skólastigum, sem og í starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Forvarnarfulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur það hlutverk að fylgja eftir aðgerðaáætlun og styður við skólaskrifstofur sveitarfélaganna við miðlun fræðslu og forvarna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreiti.

Haustið 2023 var stofnað sameiginlegt forvarnarteymi fyrir grunnskóla í Árneshöfðingum sem skipað er sex fulltrúum, tveimur frá hverjum skóla. Í teyminu eigi sæti fulltrúar stjórnenda, stoðþjónustu og kennara. Auk þess eru skólahjúkrunarfræðingur og náms- og starfsráðgjafi í teyminu. Deildarstjóri skólaþjónustu er formaður teymisins og kennsluráðgjafi sér um ritun fundargerða. Tengiliðir forvarnarteymis sem boðaðir eru á fundi eftir þörfum eru fulltrúar frá velferðarþjónustu, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum.

Markmið teymisins er að:

- Tryggja kennslu í öllum árgöngum um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni sem hæfir aldri og þroska nemenda
- Vera starfsfólki skóla til stuðnings og ráðgjafar varðandi fræðslu og umræðu um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni og sjá um að tryggja viðeigandi þekkingu og þjálfun starfsfólks
- Tryggja samhæfð viðbrögð starfsfólks þegar / ef barn greinir frá ofbeldi og áreitni
- Tryggja forvarnir sem markvissan þátt í skólastefnu sveitarfélaga á þjónustusvæði SVÁ

Forvarnarteymið hefur unnið að sameiginlegri forvarnaráætlun fyrir grunnskólana á svæðinu auk þess sem allir starfsmenn leik- og grunnskóla hafa tekið rafrænt námskeið um kynferðisofbeldi og kynferðislega hegðun barna og unglunga sem vistað er á fræðslutorgi Barna- og fjölskyldustofu ([www.bofs.is](http://www.bofs.is)). Forvarnarteymið vinnur að innleiðingu viðbragðsáætlunar og kynna fræðsluefni sem unnið hefur verið og birt er á vefnum Stopp

ofbeldi (<https://stoppofbeldi.namsefni.is>). Á næsta skólaári er stefnt að því að stofna sambærilegt forvarnarteymi fyrir leikskóla með fulltrúum frá öllum leikskólum.

## **Þróunarverkefni**

Skólaþjónustan hóf þátttöku í tveimur þróunarverkefnum skólaárið 2023 – 2024 og eru þau liður í því að efla þau úrræði og stuðla að þróun í starfsemi og starfsháttum leik- og grunnskóla. Auk þess eru þessi verkefni liður í því að efla starfsmenn og foreldra í vinnslu einstakra mála og stuðla þannig að vellíðan og farsæld nemenda.

### **Valdeflandi menntun.**

Skólaþjónustan fékk styrk upp á rúmar tvær milljónir frá mennta- og barnamálaráðuneytinu til að þýða og staðfæra námsefni sem nýtist í kennslu í lífsleikni á miðstigi. Til að prufukeyra námsefnið eru Flóaskóli og Reykholtsskóli tilraunaskólar. Markmið verkefnisins er svo að námsefnið verði líka notað í hinum skólunum. Verkefnið er áætlað til tveggja ára og eru forsendur styrksins m.a. þær að kynna verkefnið á lands vísu.

### **Föruneyti barna – foreldrafræðsla.**

Deildarstjóri skólaþjónustu og kennsluráðgjafi voru þátttakendur í undirbúningshóp fyrir samstarfsverkefni mennta- og barnamálaráðuneytisins og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands um foreldrafræðslu. Reglulegir fundir voru haldnir með þátttakendum þar sem áhersla var lögð á að greina þörf fyrir foreldrafræðslu, æskilegt fyrirkomulag og finna hentugt námsefni. Vorið 2024 lá fyrir að farið yrði af stað með námskeið fyrir leiðbeinendur á námskeiði í foreldrafræðslu. Deildarstjóri og kennsluráðgjafi stefna á að sækja það námskeið og binda vonir við að geta boðið upp á námskeið fyrir foreldra.

## Lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna

Tekið hafa gildi lög sem styðja við farsæld barna. Þau eiga að sjá til þess að börn og foreldrar hafi greiddan aðgang að þeirri þjónustu sem þau þurfa og að þau fái rétta aðstoð á réttum tíma, frá réttum aðilum. Með því að tengja þjónustuna saman og vinna í sameiningu að farsæld barna verður auðveldara fyrir börn og foreldra að fá aðstoð við hæfi.

Börn og foreldrar þeirra hafa aðgang að tengilið í heilsugæslu, skóla eða félagsþjónustu. Þar geta þau fengið aðstoð við að sækja viðeigandi þjónustu, án hindrana, á öllum þjónustustigum. Í flóknari málum hafa börn og foreldrar aðgang að málstjóra hjá félagsþjónustu eða þar sem þarfir barns liggja hverju sinni.

Starfsfólki sem vinnur með og fyrir börn ber að vinna saman að farsæld þeirra. Starfsfólk leikgrunn- og framhaldsskóla, félagsþjónustu, íþróttá, tómstunda eða heilbrigðisþjónustu hefur fengið aukna ábyrgð sem felur í sér að koma auga á aðstæður barna og bregðast við strax og þörf er á.

Hér er um að ræða boð um samþættingu þjónustu fyrir foreldra og börn sé þess óskað. Samþætting kemur ekki í veg fyrir að foreldrar sækja sjálfir þjónustu fyrir börn sín. Markmiðið með farsældarlögunum er að bæta enn frekar þjónustu við börn og fjölskyldur svo þau fái notið þeirrar aðstoðar sem þau eiga rétt á um leið og þess gerist þörf.

Tilgangur löggjafarinnar er að börn og fjölskyldur falli ekki á milli kerfa og séu ekki send á milli þjónustuaðila innan sveitarfélaga og ríkisstofnana. Börn eiga rétt á að segja sína skoðun um þau málefni sem hafa áhrif á líf þeirra og þau sem veita þjónustu eiga að taka tillit til skoðana barna í samræmi við aldur þeirra og þroska.

Innleiðing farsældarlaga á þjónustusvæði Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþing hófst formlega 1. ágúst 2022 með ráðningu í stöðu verkefnastjóra farsældarteymis til eins árs. Verkefnastjóri lét af störfum 1. desember 2022. Þær breytingar sem urðu hjá SVÁ árið 2023 hafði þau áhrif að rof varð í ferli innleiðingar. Tekin var ákvörðun að ekki yrði ráðið í stöðu verkefnastjóra farsældar og deildarstjórurum falið að gegna hlutverki innleiðingarstjóra.

Frá hausti 2023 voru tilnefndir tengiliðir í öllum leik- og grunnskólum á þjónustusvæðinu sem og málstjóri hjá velferðarþjónustu. Einnig var tilnefndur tengiliður velferðarþjónustu fyrir börn 16 – 18 ára sem ekki stunda nám í framhaldsskóla. Innleiðingarstjórar sátu reglulega fundi með innleiðingarteymi Barna- og fjölskyldustofu þar sem farið var yfir áherslur í innleiðingu laganna á landsvísi og þau verkefni sem teymið vann að s.s. eyðublöð og annað útgefið efni. Innleiðingarstjórar héldu reglulega vinnufundi með tengiliðum grunnskóla þar sem farið var yfir hlutverk og ábyrgð tengiliða. Auk þess var unnið að samræmdu verklagi innan svæðis með það að markmiði að efla grunnþjónustu og snemmtæka íhlutun í þágu farsældar barna. Innleiðingarstjórar ásamt starfsmönnum SVÁ sem koma að málefnum barna unnu að gerð úrræðalista og heldur sú vinna áfram árið 2024. Tilgangur úrræðalista er að tengiliðir hafi heildaryfirsýn yfir þau úrræði sem börnum og foreldrum hafa aðgang að í annars vegar í sínu nærumhverfi og á höfuðborgarsvæðinu.

Verkferill um samþættingu þjónustu er sem hér segir:

- 1) Tengiliður er fyrsti aðilinn í þjónustunni, þangað leita foreldrar og eftir atvikum börn. Einnig starfsmenn skóla, s.s. umsjónarkennarar, skólastjórar eða sérkennslustjórar.
- 2) Tengiliður aflar samþykkis foreldra fyrir samþættingu og útskýrir hvað í henni felst á þar til gerðu eyðublaði.
- 3) Tengiliður vinnur frummat á þjónustupörf barns í samráði við foreldra. Niðurstaða þess skilgreinir hvort málið sé unnið á 1. stigi og tengiliður ber ábyrgð á því. Tengiliður stofnar teymi og ber ábyrgð á stuðningsáætlun.
- 4) Ef niðurstaða frummats bendir til þess að þjónustupörf barns sé á 2. eða 3. stigi hefur tengiliður samráð við málstjóra hjá velferðarþjónustu um næstu skref.
- 5) Ef þjónustupörf er skilgreind á 2. eða 3. stigi tekur málstjóri við stjórn málsins, veitir frekari upplýsingar og ráðgjöf og ber ábyrgð á stuðningsáætlun.
- 6) Tengiliður tekur þátt í stuðningsteymi á 2. eða 3. stigi ef við á.

Innleiðingartímabil farsældarlaga er áætlað 3-5 ár. Ferlið getur haft í för með sér nokkrar kerfisbreytingar sem taka sinn tíma. Innleiðingarstjórar SVÁ munu vinna áfram að innleiðingu farsældarlaganna í nánú samstarfi við leik- og grunnskóla á svæðinu ásamt öðrum þjónustuveitendum.